

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu

Dalbraut 12,

840 Laugarvatn.

B/t Pétur Ingi Haraldsson

Vísað er til auglýsingar skipulagsfulltrúa frá 13. okt. sl. um breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Hests í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Undirrituð, eigandi lóðar nr. 131 , vil mótmæla harðlega fyrirhugaðri breytingu á deiliskipulagi þar sem slík áform skerða verulega þá eign, sem ég keypti sem endalóð samkvæmt samþykktu skipulagi sem var í gildi árið 1990. Fyrirhuguð breyting á deiliskipulagi mun hafa neikvæð áhrif á friðhelgi eignar minnar og draga úr verðgildi hennar, og bygginga sem á henni standa, sem endalóðar.

Ég vil jafnframt lýsa yfir undrun minni á því að ekki skuli hafa verið efnt til grendarkynningar þar sem hér er verið er að kynna verulegar breytingar á högum mínum sem eiganda endalóðar sem verður ekki slík lengur ef framangreindar breytingar ná fram að ganga.

Ég vil eindregið taka undir önnur þau sjónarmið Hests, Landeigendafélags sem fram koma í nýlegu bréfi félagsins til skipulagsfulltrúa. Gagnrýnivert er, að slíkir hagsmunaaðilar séu ekki upplýstir sérstaklega um slíka deiliskipulagsbreytingu svo kostur gefist meðal landeigenda að fjalla um fyrirhugaðar breytingar.

Hafnarfirði, 11. nóvember 2011



Íris Dungal

Afrit. Hestur Landeigendafélag